

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

AFRIT

Reykjavík 14. september 2015
UST201508-105/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi - Norðurþings 2010 – 2030. Tillaga að deiliskipulagi sjóbaða á Húsavíkurhöfða við Húsavík.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 20. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010 – 2030. Einnig er óskað umsagnar um tillögu að deiliskipulagi sjóbaða á Húsavíkurhöfða við Húsavík. Breytingin felur í sér að landnotkun er breytt úr athafnasvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2013 – 2030

Skipulagssvæðið

Svæðið sem breytingin nær til er við rætur Húsavíkurhöfða og afmarkast af Höfðavegi til austurs og klettóttri strönd til vesturs. Í ofangreindri breytingartillögu kemur fram að meginmarkmið er að geta boðið upp á lóðir fyrir baðstað svokölluð Sjóðböð og þjónustubyggingar og hótél á Húsavíkurhöfða, en þar eru uppsprettur er gefa 60° - 90° heitt saltvatn.

Göngustígur

Í tillögu að ofangreindri aðalskipulagsbreytingu kemur fram að göngustígur mun taka lykkju frá strönd framhá lóð fyrir Sjóðböð. Umhverfisstofnun telur miður að ekki er gert ráð fyrir útivistarstíg meðfram ströndinni eins og gert er í gildandi aðalskipulagi Norðurþings. Umhverfisstofnun bendir á að í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er í grein 5.3.2.14. ákvæði um skipulag við vötn, ár og sjó og þar kemur eftirfarandi fram: „ Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.“

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að gera ráð fyrir útivistarstíg meðfram klettaströndinni, einnig þar sem baðstaður er áætlaður.

Tillaga að deiliskipulagi sjóbaða á Húsavíkurhöfða við Húsavík.

Í greinargerð kemur fram að megin markmið með gerð deiliskipulagsins er að skilgreina lóð og byggingarreit fyrir Sjóböðin og lóð fyrir möguleika á heilsutengdu hóteli í seinni áföngum.

Uppdráttur


Á uppdrætti kemur fram að í deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir baðsvæði þétt við klettaströnd, og að byggingarreitur er nærri lóðarmörkum. Í umfjöllun um byggingarreiti í greinargerð kemur fram að byggingarreitir eru sýndir á uppdrætti og að þeir séu táknaðir með brotnum línunum og segi til um hvar á lóðinni megi byggja og sýni lámærks fjarlægð frá lóðarmörkum. Stofnunin bendir á að á uppdrætti er fjarlægð milli lóðarmarka og strandar ekki gefin upp, og ekki er gefin upp fjarlægð frá byggingarreit að ströndinni. Umhverfisstofnun bendir á ákvæði í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 í gr. 5.3.2.14, skipulag við vötn, ár og sjó. (Sjá framangreinda tilvitnun í reglugerðin í umsögn um tillögu að aðalskipulagsbreytingu). Í skipulagsreglugerð er gert ráð fyrir að aðkomu almennings að og meðfram ám, sjó og vötnum.


Einnig kemur fram á uppdráttum er sýna breytingar frá eldra deiliskipulagi svæðisins, að útivistargöngustígur er áður var gert ráð fyrir meðfram klettaströnd er ekki lengur meðfram ströndinni þar sem baðsvæði er áætlað. Umhverfisstofnun bendir á að í umfjöllun um almannarétt í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 kemur fram í gr. 23 að óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár-, eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gert sé ráð fyrir útivistarstíg meðfram klettaströndinni.

Mannvirki

Umhverfisstofnun tekur undir það að lögð er rík áhersla á að ný mannvirki falli að umhverfinu og séu í háum gæðaflokki.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur